

AUGLÝSING

um gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda skal vera sem hér segir frá 1. apríl 1989 að telja:

Lágmarksgjald fyrir birtingu efnis allt að einni blaðsíðu er kr. 5 000,00.

Fyrir hverja byrjaða síðu umfram fyrstu síðu greiðist kr. 5 000,00.

Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé í aukaútgáfu skal greiða með 80% álagi á framangreint gjald.

Fyrir efni sem sent er til birtingar fullfrágengið, þ.e. sett í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg og prófarkalesið, er veittur 40% afsláttur.

Sé efni skilað á disklingi sem unnt er að vinna af í setningartölvu ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg er veittur 20% afsláttur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. mars 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.